

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 28. október 2013 frá klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Magnea Ólafsdóttir og Sigurbjörg Ásdís Snjólfsdóttir fulltrúar kennara, Bjarklind fulltrúi starfsmanna, Þóra Guðrún Einarsdóttir og Halldóra Hreinsdóttir fulltrúar foreldra, Kristján Þórarinn Ingibergsson fulltrúi nemenda. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Gabriela Ósk Vignisdóttir fulltrúi nemenda boðaði forföll.

Dagskrá:

- Starfsáætlun Akurskóla 2013-2014
- Smávægilegar breytingar á skóladagatali
- Skólareglur Akurskóla
- Fræin
- Ný aðalnámskrá
- Kynning á Skrefi frammar – saman verkefni
- Kynning á Comeniusarverkefni
- Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Starfsáætlun Akurskóla 2013-2014

Fundarmenn höfðu fengið starfsáætlun senda í tölvupósti og fóru þeir yfir hana með skólastjóra og komu með athugasemdir. Guðmunda Lára kom með mjög góðar athugasemdir og benti sérstaklega á að klausu vantaði um hvar finna mætti kennsluáætlanir/bekkjarnámskrár og tengsl skólans við íþróttahúsið. Starfsáætlunin verður send Fræðsluráði.

Smávægilegar breytingar á skóladagatali

Sigurbjörg óskaði eftir því að skólaráð samþykkti breytingar á skóladagatali skólans. Breytingin felst í því að færa árshátíð skólans sem vera átti 3. apríl til til 27. mars. Ástæðan er að lokaferð vegna Comeniusarverkefnis verður í byrjun apríl til Finnlands þar sem ljúka á verkefninu.

Skólareglur Akurskóla

Sigurbjörg kynnti fyrir fundarmönnum skólareglur Akurskóla og sagði frá því að þeim hafi verið fækkað og þær endurskoðaðar s.l. vor og samþykktar á starfsmannafundi. Einnig sagði hún frá því að viðurlög við broti á skólareglum væru í endurskoðun.

Fræin

Sigurbjörg fór yfir **Fræ** Akurskóla þar sem fram kemur fyrir hvað skólinn stendur. Fræin birtast í starfsáætlun skólans og á heimasíðunni. Foreldrasamfélagið ásamt starfsfólki skólans hafði unnið Fræin fyrir skólaárið 2012-2013 en núverandi stjórnendur settu þau saman í núverandi mynd eftir að hafa skoðað vinnuskjöl frá þeirri vinnu. Grunnþættir menntunar endurspeglast í Fræunum.

Ný aðalnámskrá

Sigurbjörg kynnti nýja aðalnámskrá grunnskóla fyrir fundarmönnum og sagði frá því hvernig skólinn er að innleiða hana. Kennarar eru t.d. að vinna með einn grunnþátt í mánuði á þessu skólaári þar sem nemendur gera ýmis verkefni til að skilja hugtökin. Einnig sagði Sigurbjörg frá því að kennarar væru að vinna bekkjarnámskrár þannig að þeir hafi nýju námskrána að leiðarljósi. Ný námskrá á að taka fullt gildi 2015 og aðlögunarferlið er komið ágætlega á veg.

Kynning á Skrefi frammar – saman verkefni

Sigurbjörg sagði frá samstarfsverkefni Akurskóla við fjóra aðra opna skóla á suðvesturhorni landsins. Starfsmenn Akurskóla eru ánægðir með samstarfið og hafa nú þegar breytt umhverfi og kennsluháttum til að bæta starfshætti og koma enn betur til móts við nemendur. Magnea og Kristján voru sammála um að breytingar hefðu orðið til hins betra t.d. á rýmum þar sem ekki er

verið að stúka þau eins mikið af og áður. Kristján kom með þá hugmynd að betra væri samt að hafa lausa milliveggi þannig að hægt væri að loka ef þyrfti t.d. í tungumálakennslu. Magnea kom með athugasemd um að þegar tveir árgangar væru t.d. í rými og annar væri með próf þá gæti myndast óróleiki sem truflaði nemendur.

Kynning á Comeniusarverkefni

Sigurbjörg kynnti Comeniusarverkefni sem skólinn er þátttakandi í með Póllandi, Þýskalandi, Frakklandi, Spáni og Finnlandi. Skólinn tók á móti Comeniusargestum í byrjum október og var það virkilega ánægjulegt. Nemendur og starfsfólk tóku virkan þátt í að gera heimsóknina sem ánægjulegasta fyrir alla aðila.

Önnur mál

- Guðmunda Lára benti á efnisveituna sem er í Rammahúsi Reykjanesbæjar en þar geta skólar sótt efni í ýmis verkefni sem þeir eru að vinna.
- Þóra Guðrún vildi að skólinn athugaði rýmingaráætlun skólans þar sem ekki eru utanálíggjandi brunastigar úr rýmum á efri hæðum skólans. Margir nemendur eru á efri hæðunum og það tekur alltaf einhvern tíma fyrir slökkviliðið að koma á staðinn ef bruni verður.
- Sigurbjörg kom með fyrirspurn um að færa fundartíma skólaráðs og var samþykkt að færa hann á þriðjudaga kl. 11:30. Tveir fundir verða eftir áramót.
- Rætt var um eineltisfyrirlestra og sagði Halldóra að foreldrafélagið gæti komið að því.
- Rætt var um tölvuleiki sem eru ekki ætlaðir börnum og ætlaði Halldóra að senda póst á foreldra og biðja þá um að vera vakandi fyrir því að börn þeirra væru ekki að spila leiki sem ekki væru ætlaðir börnum.

Fundargerð þessa ritaði

Bryndís Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla